

manngildið; máttur mannsins birtist jafnt í hönd hans sem höfði, tilfinningarnar felast ekki síður í stellingum en í svipmóti og menn fremur en mannvirki endurspegla reisn menningarinnar. Svipuð viðhorf til mannlíkamanans hafa lagt grunninn að öllum helstu blómatimum höggmyndalistarinnar og áttu eftir að vera grundvöllur starfs allra helstu meistara höggmyndarinnar framan af þessari öld, eins og Aristides Maillols (1861-1944), Antoinette Bourdelle (1861-1929), Charles Despiau (1874-1946), Wilhelms Lehmbrucks (1881-1919), George Kolbes (1877-1941) og jafnvel Constantins Brancusi (1876-1957), sem þó hafnaði boði Rodins 1907 um að gerast aðstoðarmaður hans með þeim orðum að „ekki nærði að vaxa í skugga stórra trjáa“.

Síðustu áratugi hafa sérfræðingar enn fremur bent á að uppruni Rodins í skreytilistinni hafi ef til vill haft jafnmikið að segja um sveigjanleika mannsins í höggmyndum hans og fyrirmynd endurreisnarinnar; aðlögun að aðstæðum, tjáning formsins og áferð efnisins eru allt mikilvægir þættir í verkum Rodins.

Prátt fyrir eftirmæli sögunnar verður ekki sagt að samtímamenn Rodins hafi ætíð kunnað að meta verk hans. „Borgararnir í Calais“ var umdeilt verk áður en það var afhjúpað og það var ekki fyrir en um miðja þessa öld sem það var sett upp í samræmi við óskir listamannsins. Minnismerki Rodins um listmálarann Claude Lorrain olli óeirðum þegar það var afhjúpað í Nancy og sama má segja um viðtökur um minnismerkið um Domingo Sarmiento Argentínuforsætla hlaut í Buenos Aires. Deilurnar um minnismerkin um Victor Hugo og Balzac voru jafnvel enn verri.

Engu að síður var orðstír Rodin tryggður þegar í lifanda lífi. Á heimssýningunni í París árið 1900 var haldin sérstök sýning, þar sem voru saman komin eitt hundrad og fimmtíu verk listamannsins, auk fjölda teikninga og uppdrátta; hann var gerður að heiðursdoktor í Oxford 1907 (samtímis bandaríska rit höfundinum Mark Twain) og loks tókst honum að semja við franska ríkið um að stofnað yrði safn um verk hans í því húsi sem hann hafði vinnustofur sínar síðustu áratuginum. Til þessa safns tókst honum að gefa meginþorra verka sinna, þrátt fyrir mikla áfærni ýmissa fyrri ástkvenna sem reyndu að sölsa undir sig hluta af lífsstarfi hans.

Frá þessu safni er nú komin til Íslands yfirlitssýninga á verkum Auguste Rodins, sú fyrsta og að líkindum hin síðasta á þessari öld. Hana ætti einfaldlega enginn áhugamaður um listir og menningu að láta fram hjá sér fara.

Rodin lést 17. nóvember 1917, nýorðinn 77 ára gamall. Þó að hans sé einkum minnst sem eins merkasta myndhöggvara síns tíma, er rétt að benda á að hann lét einnig til sín taka á ýmsum öðrum sviðum. Þannig eru til frá hans hendi bóka-skrýtingar, grafíkverk, fjöldi mun-úðarfullra nektarteikninga og nokkur ritverk, m.a. um miðaldalist og þar er fremst að telja bók sem kom út 1914 (ensk þýðing 1965) um dómkirkjur í Frakklandi. Hér var því á ferðinni óvenju fjölhæfur listamaður, óumdeilanlega einn þeirra snillinga, sem lífga tilveru okkar hinna annað veifið.



Karлакór Akureyrar-Geysir, á tónleikum.

Morgunblaðið/Silli

## Karлакór Akureyrar í söngferð

Húsavík. KARLAKÓR Akureyrar-Geysir, söng í Skúlagarði og Ýdölum fyrir nokkru við góða aðsókn í Skúlagarði, en aðsóknin hefði mátt vera betri að Ýdölum. En þeir sem þar hlustuðu skemmtu sér vel við góðan og fjölbreyttan

söng. Söngstjóri var Roar Kvam, undirleikari Richard Simm og einsöngvarar Eggert Jónsson og Ingvi Rafn Jóhannsson.

Það sem vakti sérstaka athygli var hve kórinn var að mestu skipaður miðaldra mönnum sem bera

sönggledina með sér og hafa margir lengi sungið í kórnum. En er útlit fyrir, þrátt fyrir alla tónlistarkennslu í svo stórum bæ sem Akureyri er, að karlakórssöngur sé að hverfa með þeirri kynslóð sem nú skipar Karлакór Akureyrar-Geysir.

## Eyrarbakki

# Suðurlandsmyndir Sigfúsar Eymundssonar

SÝNING á ljósmyndum úr myndatökuferðum Sigfúsar Eymundssonar um Suðurland á árunum 1884 og 1886 var opnuð í Menningarmiðstöðinni á Eyrarbakka í gær, laugardag kl. 14.

Sigfús Eymundsson (1837-1911) bóksali var fyrsti Íslendingur sem gerði ljósmyndun að ævistarfi sínu. Ljósmyndagerð nam hann í Björgvin en rak síðan ljósmynda-stofu í Kaupmannahöfn um skeið, uns hann fluttist heim til Íslands. Hann stundaði í fyrstu bókband sem hann hafði lært í Kaupmannahöfn og ljósmyndagerð í Reykjavík en

stofnaði þar síðan bókaverslun þá við Austurstræti sem enn ber nafn hans.

Sigfús Eymundsson var fyrsti ljósmyndari sem tók að nokkru marki ljósmyndir utandyra hér á landi, en þó að langmestu leyti mannamyndir.

Myndirnar sem eru sýndar í Menningarmiðstöðinni á Eyrar-

bakka eru úr glerplötusafni sem er í eigu Þjóðminjasafnsins.

Sýninguna á Eyrarbakka hefur Inga Lára Baldvinsdóttir deildarstjóri í Myndadeild Þjóðminjasafnsins sett upp, en sýningin er samstarfsverkefni Menningarmiðstöðvarinnar á Eyrarbakka, Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Þjóðminjasafns Íslands.

Sýningin stendur til 21. nóvember og er opin kl. 14-20 um helgar en kl. 15-18 á virkum dögum.



Skagaleikflokkurinn er að hefja sýningar á söngleiknum Kabarett.

## Skagaleikflokkurinn sýnir Kabarett

SKAGALEIKFLOKKURINN á Akranesi er að hefja sýningar á söngleiknum Kabarett í samstarfi við Tónlistarskóla Akraness og Dansskóla Jóhönnu Árnadóttur. Frumsýning var í gær laugardaginn 13. nóvember í Bióhöllinni á Akranesi. Hátt í eitt hundrad manns taka þátt í þessari uppsetningu og verður því að telja Kabarett til stærri verkefna Skagaleikflokksins. Leikstjóri er Hjalti Rögnvaldsson.

Söngleikurinn Kabarett byggist á skáldsögunni „Goodbye to Berlin“ eftir Christopher Isherwood. Leikritunin er verk Joe Masteroff og John Van Druten. John Kander samdi tónlistina og Fred Ebb söngtextana.

Kabarett var kjörinn besti söng-

leikur ársins 1966 í New York og London. Kvikmyndin Kabarett var svo gerð eftir söngleiknum.

Söngleikurinn lýsir uppgangi nasismans í Þýskalandi og samfélagi í upplausn og ástum og örlögum fólks.

## Nýjar bækur

# Hringadróttinssaga eftir Tolkien

Hringadróttinssaga 1. bindi, Föruneyti Hringins er komin út. Hringadróttinssaga er víðfrægt skáldverk, sem hefur verið þýtt á flest tungumál. Íslenska þýðingin er eftir Þorstein Thorarensen, en Geir heitinn Kristjánsson þýddi ljóðin.

Í kynningu útgefanda segir: „Hringadróttinssaga er eins og heill heimur. Höfundurinn Tolkien var málfræðingur (sem m.a. talaði íslensku reiprennandi). Hann tók upp á því að gamni sínu að búa til frágrunni ímyndað fornt tungumál, lagði því til orð, beygingar og orðasambönd og varð úr því hin forna

Álfatunga.

Meginþráður sögunnar spinnst um Hringinn eina, svokallaðan Máttarbaug. Hann býr yfir ógnarvaldi og komist hann í hendur Myrkrahöfðingjans Saurons er heimsbyggðin öll í voða.“

Í þessu 1. bindi Hringadróttinssögu eru tvær fyrstu „bækurnar“ í þessum mikla bálki, en auk þess langur formáli og sögulegur innangangur.

Fjölvaútgáfan gefur út. Bókin er framléidd hjá G. Ben. Prentstofu og er 420 bls. í stóru broti. Bókin kostar 3.680 krónur.



KVENNA  
ATHVARF

Námskeiði verður haldið á vegum Samtaka um kvennathvarf 18. til 20. nóvember nk. í Hlaðvarpanum, Vesturgötu 3, kl. 19-22 fimmtudag og föstudag og kl. 10-16 á laugardag.

Efni námskeiðsins er m.a.: Kynning á Samtökum um kvennathvarf og starfsemi þess. Áhrif heimilisofbeldis á konur og börn. Stuðningur við þolendur ofbeldis. Starfsemi Stígamóta.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í sínum 91-613720 og 91-627202 fyrir nk. þriðjudag. Þátttaka er öllum opin. Námskeiðsgjald er kr. 4.000 (2.800 fyrir námsfólk).